

Lögregluréttardómurinn staðfestur að öllu leyti. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannafé, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskadur. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Nr. 24/1902:

Hið opinbera  
gegn

Guðmundi Magnússyni.

**D ó m u r:**

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn Guðmundi kaupmanni Magnússyni fyrir brot á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi 11. nóv. 1899; en með dómi, kveðnum upp í nefndum rétti 31. maí þ. á., var kærði sýknaður af kæru hins opinbera í því máli og skyldi greiða málskostnað af almannafé.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfrréttarins.

Það er sannað í málinu með játningu kærða og á annan hátt, að hann, sem síðastliðið haust rak kjötverzlun hér í bænum, lét þá 4 prentara hér í bænum eftir beiðni þeirra fá nokkrar flöskur af bjór, sem hann hafði keypt handa sjálfum sér til neyzlu; gjörði hann það í greiðaskyni við þessa kunningja sína, að hjálpa þeim um ölið, og greiddu þeir fyrir það alveg sama og kærði hafði fyrir það gefið, án þess hann tæki neina þókun fyrir ómak sitt. Í eitt eða 2 skifti önnur lét hann þá og eftir ósk þeirra fá þátt í ölkaupum sínum. Kærði hafði eigi leyfi til að verzla með áfenga drykki.

Þessi öluþlát eða útvegur verður ekki talin verzlun og heldur ekki verður litið svo á, að ákvæði 5. gr. nefndra laga 11. nóv. 1899 nái til þessa athæfis kærða. Kærði virðist þannig ekki hafa orðið brotlegur gegn nefndum lögum, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnað fyrir yfirdómi ber eftir þessum úrslitum málsins einnig að greiða af almannafé, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmaet.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með

talin málflytningu til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af almannafé.

Nr. 20/1902:

Híð opinbera  
gegn  
Halldóri Lárussyni.

#### D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, uppkveðnum 24. maí þ. á., var hinn kærði, Halldór Lárússon hraðritari, dæmdur fyrir brot á 43. gr. í lögreglusalátt Reykjavíkur 15. nóv. 1890 til að greiða 5 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og allan kostnað af málinu, en dómi þessum hefir verið áfrýjað eftir ósk hins kærða.

Hinum kærða, Halldóri Lárussyni, er gefið það að sök, er hér segir: Að kvöldi hins 10. maím. þ. á. kom hann inn á veitingahúsið »hótel Ísland« hér í bænum, og sagðist hann þá vera að skygnast eftir manni, en með því að veitingamaðurinn hafði lagt svo fyrir, að kærði mætti eigi vera inni í veitingastofunni, fyrir sakir, er hann þóttist hafa á hendur honum, gekk veitingaþjónninn Davíð Guðmundsson þegar til kærða og skipaði honum að fara út; kærði gegndi því ekki, og stjakaði veitingaþjónninn þá við honum, eða ýtti með hendinni á brjóst honum, til þess að hrinda honum út, en þá lagði eða sló kærði hendinni